


# DREGUR ÚR HAGVEXTI

## MERKI UM MINNI VÖXT Á VINNUMARKAÐI

Eftir efnahagsuppsveiflu síðustu ára eru merki um hægari hagvöxt nú víða. Þau eru ekki síst sýnileg á vinnumarkaði þar sem dregið hefur úr fjölgun launþega og atvinnulausum hefur fjölgað. Mældist fjölgun launþega þannig 2,1% í ágúst sl. samanborið við 4,4% á sama tíma í fyrra og 5,0% í ágúst 2016. Þróunin í viðskiptahagkerfinu, þ.e. hagkerfið án hins opinbera, hefur verið talsvert meira afgerandi en í ágúst mældist einungis 1,2% fjölgun launþega sem er minnsti vöxtur í fjölda launþega sem mælst hefur síðan í apríl 2011 eða síðan hagkerfið byrjaði að taka við sér í þeirri efnahagsuppsveiflu sem nú virðist vera að líða undir lok.




## HÆGIR Á VAXTARSPROTUNUM

Tvær greinar sköpuðu um 63% allra nýrra starfa sem urðu til í hagkerfinu á árunum 2015-2017. Þetta voru byggingariðnaðurinn og ferðapjónustan. Nú hefur hægt umtalsvert á vextinum í þessum tveimur greinum og þó sérstaklega á vextinum í ferðapjónustunni en samdráttur mældist í fjölda starfandi í ferðapjónustu í ágúst síðastliðnum í fyrsta sinn síðan í upphafi árs 2011. Nýleg könnun Gallup á stöðu vinnumarkaðar bendir til þess að starfsfólki í þessari grein muni halda áfram að fækka á næstunni. Endurspeglast þetta síðan í því að hægt hefur verulega á vexti gjaldeyrstekna greinarinnar en tekjur af erlendum ferðamönnum hefur verið sá hluti gjaldeyrstekna sem vaxið hefur hvað hraðast á síðustu árum. Samhliða hefur dregið úr vexti gjaldeyrstekna þjóðarbúsins sem hefur verið ein af ástæðum minni hagvaxtar.


Í byggingariðnaðinum mældist hins vegar enn vöxtur í fjölda starfandi í ágúst þó að umtalsvert hafi dregið úr vextinum undanfarið. Byggingariðnaðurinn var mun seinni að taka við sér í uppsveiflunni en ferðapjónustan enda fjárfestingarstigið í hagkerfinu lágt á fyrstu árum uppsveiflunnar. Mældist 6,0% vöxtur

Í fjölda starfandi í greininni í ágúst sem er minnsti vöxtur sem mælt hefur síðan í ágúst 2013. Ástæður minni vaxtar má að mestu rekja til minni vaxtar í fjárfestingum atvinnuveganna, m.a. vegna minni vaxtar í fjárfestingum tengdum þjónustu við ferðamenn og minni fjárfestingu í stóriðju og tengdri starfsemi.



## NÚ REYNIR Á HAGSTJÓRNINA

Strax á árinu 2017 fór að bera á hægari vexti eftir mjög hraðan hagvöxt á árinu 2016 eða 7,4%. Mældist hagvöxturinn í fyrra 4,0%. Virðist sem að á seinni helmingi þessa árs hafi dregið hratt úr hagvextinum og er reiknað með að hann verði hægur á næsta ári eða undir 2% sem væri þá minnsti hagvöxtur sem verið hefur hér á landi síðan efnahagssuppsveiflan sem nú virðist vera að líða undir lok hófst. Samhliða þessari þróun er reiknað með því að enn dragi úr fjölgun starfa og að atvinnuleysi fari vaxandi.



Samkvæmt spám mun draga úr vexti allra helstu þátta landsframleiðslunnar á næstunni. Þannig mun draga umtalsvert úr vexti þjónustuútflytninga sem lengi var megin drifjöður uppsveiflunnar. Lækkun á raungengi

krónunnar undanfarið mun milda þau áhrif eitthvað og í leiðinni örva vöxt annars útflutnings. Einnig hefur dregið nokkuð úr vexti einkaneyslu en viðbúið er að sú þróun haldi áfram samhliða hægari vexti kaupmáttar ráðstöfunartekna. Ástæðan er m.a. aukin verðbólga í kjölfar lækkunar gengis krónunnar síðan í sumar. Þá er að draga úr vexti fjárfestinga í hagkerfinu.

Ljóst er að hagkerfið er að breyta um takt. Nú reynir á að því sé mætt með réttum hætti í hagstjórninni. Opinber fjármál og peningamál þurfa nú að vera samstíga í að milda niðursveifluna sem er fram undan. Einnig er mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins taki mið af breyttu landslagi í hagkerfinu. Mikilvægt er að í komandi kjarasamningum verði horft í breytta stöðu atvinnugreina og hvaða launahækkanir geta samrýmst stöðugleika. Taka þarf tillit til þess að þessar aðstæður sem eru afar ólíkar þeim aðstæðum sem voru þegar síðast var samið 2015. Með réttum aðgerðum má tryggja að niðursveiflan verði mild og skammvinn og að við taki annað hagvaxtarskeið byggt á sterkri samkeppnishæfni landsins.